Fullgild rafræn undirskrift
EINAR SIGURÐSSON
Kennitala: 230877-5999
2026-05-28 14:51:54 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
SIGRÍÐUR VALA HALLDÓRSDÓTTIR
Kennitala: 240483-5219
2026-05-28 14:53:31 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
STEINUNN HULDA MARTEINSDÓTTIR
Kennitala: 310166-5379
2026-05-28 14:59:52 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
STEFÁN BALDVIN FRIÐRIKSSON
Kennitala: 311063-5029
2026-05-28 15:01:31 GMT
Ástæða: Undirskrift

# Ísfélag hf.

## Samandreginn árshlutareikningur 31. mars 2026

ÍSFÉLAG

Ísfélag hf. | Tangagötu 1 | 900 Vestmannaeyjar | kt. 660169-1219

**Efnisyfirlit** Bls.


| | |
|---|---|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra | 3 |
| Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu | 6 |
| Efnahagsreikningur | 7 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 8 |
| Eiginfjáryfirlit | 9 |
| Skýringar | 10 |

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Stjórn og forstjóri Ísfélags hf. (hér eftir „Ísfélag“ eða „félagið“) leggja fram skýrslu þessa með samandregnum árshlutareikningi Ísfélags hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2026.

Samandreginn árshlutareikningur Ísfélags hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2026 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Árshlutareikningurinn er móðurfélagsreikningur enda telur félagið að dótturfélögin hafi óveruleg áhrif á reikningsskilin bæði ein og sér og sem heild. Árshlutareikningurinn er birtur í bandaríkjadollurum (USD), sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Árshlutareikningurinn er ekki kannaður af endurskoðendum félagsins.

## Um félagið

Ísfélag hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og er félagið elsta starfandi hlutafélag á Íslandi. Félagið gerir út samtals átta fiskiskip, af þeim eru fjögur uppsjávarskip, tvö bolfiskskip, frystitogari og krókabátur og vinnur afurðir í frystihúsum, rækjuvinnslu og fiskimjölsverksmiðjum sem staðsettar eru í Vestmannaeyjum, á Siglufirði og á Þórshöfn. Meginstarfsemi félagsins er að stunda veiðar og framleiða hágæða afurðir úr bolfiski og uppsjávarfiski.

## Starfsemin á tímabilinu og framtíðarhorfur

| | 1.1.-31.3.2026 | 1.1.-31.3.2025 |
|---|---:|---:|
| Rekstrartekjur tímabilsins.............................................................. | 73.260.893 | 37.298.743 |
| Hagnaður (tap) tímabilsins............................................................ | 22.845.919 | (3.605.003) |
| Heildarafkoma tímabilsins............................................................. | 20.848.476 | 2.237.089 |
| Meðaltals fjöldi ársverka nam á tímabilinu.................................... | 311 | 303 |
| Stöðugildi í lok tímabils.................................................................. | 314 | 291 |
| | **31.3.2026** | **31.12.2025** |
| Eignir félagsins námu.................................................................... | 880.832.354 | 865.839.601 |
| Bókfært eigið fé nam...................................................................... | 587.885.384 | 567.036.908 |
| Eiginfjárhlutfall félagsins nam........................................................ | 66,7% | 65,5% |

Afkoma Ísfélagsins á fyrsta ársfjórðungi 2026 var ágæt. Ástæðurnar eru góð loðnuvertíð, góð aflabrögð frystitogara félagsins og hátt verð á helstu afurðum félagsins. Félagið hefur fjárfest mikið í rekstrarfjármunum á undanförnum árum sem mun bæta reksturinn í framtíðinni auk þess sem félagið er fjárhagslega afar sterkt til að takast á við frekari fjárfestingar og tækifæri á komandi árum.

Ráðgert er að selja uppsjávarskipið Suðurey og togarann Ottó M. Þorláksson en togbáturinn Jón á Hofi var seldur og afhentur nýjum eigendum í janúar.

Í október 2025 varð stórbruni í verksmiðju Primex ehf., sem er dótturfélag Ísfélags hf. Bruninn hefur haft veruleg áhrif á starfsemi Primex ehf. og innan tíðar hefst framleiðsla þar að nýju í endurbættri verksmiðju. Primex ehf. er vel tryggt, bæði eignir og rekstur, því mun bruninn hafa lítil áhrif á fjárhag Ísfélags hf.

Mikil breyting verður á makrílveiðum skipa félagsins í sumar þar sem íslensk stjórnvöld sömdu við flest strandríki sem stunda veiðar úr stofninum um mikla minnkun á hlutdeild Íslands í veiðunum. Á sama tíma hefur heildarmakrílkvótinn verið skorinn umtalsvert niður. Þessi niðurstaða þýðir að engar uppsjávarveiðar verða aftur stundaðar á vegum félagsins fyrr en seinnipartinn í ágúst. Samningar strandríkjanna um deilistofnana eru mikilvægir og nauðsynlegir til þess að tryggt sé að veiðar úr þessum stofnum séu stundaðar með sjálfbærum hætti. Í þeim samningaviðræðum er afar mikilvægt að forystumenn standi vel að málum við að tryggja langtímahagsmuni þjóðarinnar.

## Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra (framhald)

### Áhættustýring

Stærstu áhættuþættir í rekstri eru tengdir úthlutun aflaheimilda, gangi veiða og verðþróun á helstu afurðum. Starfsemin er vertíðabundin þar sem oft er framleitt mikið magn á stuttum tíma og getur þá orðið mikill tímamunur á því hvenær lagt er út fyrir kostnaði og hvenær tekjur eru innleystar. Forstjóri og fjármálastjóri hafa heimild til að gera framvirka samninga, til takmörkunar á gengis- og vaxtaáhættu félagsins.

Félagið hefur sett sér áhættustefnu til að viðhalda yfirsýn og viðeigandi stýringu í starfsemi félagsins, styrkja áhættustjórnun og innra eftirlit í rekstri ásamt því að ná fram betri nýtingu fjármuna. Til að greina og meðhöndla áhættu í starfsemi félagsins er gert áhættumat með reglulegum hætti með það að markmiði að meðhöndla áhættur og forgangsraða mildunaraðgerðum. Í stefnunni er áhættuvilji og áhættuþol skilgreint.

Sjálfbærniáhætta hefur ekki verið greind sérstaklega en ljóst er að áhættur sem tengjast umhverfislegum, félagslegum og stjórnarháttatengdum þáttum geta haft áhrif á starfsemi, fjárhagslega frammistöðu og/eða orðspor félagsins. Loftslagsbreytingar geta haft áhrif á stöðu fiskistofna við landið, súrnun hafsins og hitastig og þannig haft veruleg áhrif á rekstur félagsins. Auknir umhverfisskattar og flókið regluverk kallar á sérfræðiþekkingu og aðlögun í rekstri félagsins. Enn fremur eru töluverðar áhættur til staðar þegar kemur að öflun raforku og vatns, sem eru grunnþarfir í rekstri félagsins.

### Eignarhald

Skráð hlutafé félagsins í lok tímabils nam kr. 818.612.313 en félagið á eigin hluti að nafnverði 771.891. Í lok tímabils voru 2.523 hluthafar (2.619 í árslok 2025).

Tíu stærstu hluthafar eru sem hér segir miðað við lok mars 2026:

| | Hlutdeild | Hlutir |
|---|---|---|
| ÍV fjárfestingafélag ehf. | 49,2% | 402.201.538 |
| Marteinn Haraldsson ehf. | 11,4% | 93.494.071 |
| Gunnar Sigvaldason | 6,3% | 51.427.700 |
| Lífeyrissjóður verzlunarmanna | 4,1% | 33.641.473 |
| Svavar Berg Magnússon | 3,2% | 26.177.653 |
| Anna ehf. | 2,3% | 18.471.622 |
| Brú Lífeyrissjóður | 2,0% | 16.694.913 |
| Stapi lífeyrissjóður | 2,0% | 16.336.459 |
| Frjálsi lífeyrissjóðurinn | 1,6% | 13.423.294 |
| Almenni-Lífsverk lífeyrissjóður | 1,4% | 11.306.561 |
| Aðrir hluthafar | 16,5% | 134.665.138 |
| Eigin hlutir | | 771.891 |
| | 100% | 818.612.313 |

### Arður og ráðstöfun hagnaðar

Á aðalfundi félagsins þann 16. apríl 2026 var samþykkt að greiða hluthöfum arð sem nam 2,57 krónum á hlut, eða um 2.102 milljónum króna, á árinu 2026 vegna rekstrarársins 2025 og var hann greiddur hluthöfum þann 15. maí 2026. Að öðru leyti er vísað til árshlutareiknings um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eigin fé.

## Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra (framhald)

### Stjórnarhættir og ófjárhagslegar upplýsingar

Félagið starfar samkvæmt gildandi löggjöf um hlutafélög og um aðila sem eru undir eftirliti Nasdaq Iceland. Stjórn félagsins leitast við að fylgja *Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja* sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Félagið álítur sig fylgja framangreindum leiðbeiningum um stjórnarhætti í öllum megindráttum að því frátöldu að ekki hefur verið skipuð tilnefningarnefnd og stjórn víkur frá reglu um að minnsta kosti tveir þeirra stjórnarmanna sem óháðir eru félaginu og daglegum stjórnendum þess, skuli jafnframt vera óháðir stórum hluthöfum félagsins.

Stjórn félagsins er skipuð fimm einstaklingum. Þrír af þeim eru konur og tveir karlar. Framkvæmdarstjórn félagsins samanstendur af fimm einstaklingum og allir eru þeir karlmenn. Stjórn Ísfélags fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Henni ber að hafa eftirlit með daglegum rekstri þess, stefnumótun, hlítingu laga og reglna og innra eftirlit. Tvær undirnefndir stjórnar eru starfandi, þ.e. endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd.

### Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er samandreginn árshlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins þann 31. mars 2026 ásamt rekstrarafkomu og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2026.

Stjórn og forstjóri Ísfélags hf. hafa í dag fjallað um samandreginn árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2026 og staðfesta hann með rafrænni undirritun sinni.

Vestmannaeyjum, 28. maí 2026.

Í stjórn: Forstjóri:

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu
# 1. janúar til 31. mars 2026

| | Skýr. | 2026<br>1.1.-31.3. | 2025<br>1.1.-31.3. |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 3 | 73.260.893 | 37.298.743 |
| Kostnaðarverð seldra vara | | ( 43.900.756) | ( 32.610.905) |
| **Framlegð** | | 29.360.137 | 4.687.838 |
| Aðrar tekjur | 3 | 839.413 | 963.306 |
| Útflutnings- og dreifingarkostnaður | | ( 1.242.410) | ( 681.712) |
| Annar rekstrarkostnaður | | ( 2.042.053) | ( 1.914.914) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 26.915.087 | 3.054.518 |
| Fjármunatekjur | | 969.495 | 379.825 |
| Fjármagnsgjöld | | ( 3.664.570) | ( 4.507.667) |
| Hreinn gengismunur | | 4.537.535 | ( 3.682.854) |
| Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) | 4 | 1.842.461 | ( 7.810.696) |
| Áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaga | 7 | ( 78.810) | 368.263 |
| Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt | | 28.678.737 | ( 4.387.916) |
| Tekjuskattur | 5 | ( 5.832.818) | 782.913 |
| **Hagnaður (tap) tímabilsins** | | 22.845.919 | ( 3.605.003) |
| **Önnur heildarafkoma** | | | |
| Liðir sem síðar kunna að verða endurflokkaðir í rekstrarreikning: | | | |
| Þýðingarmunur vegna eignarhluta í dóttur- og hlutdeildarfélögum | 7 | ( 1.997.443) | 5.842.092 |
| **Heildarafkoma tímabilsins** | | 20.848.476 | 2.237.089 |

**Aðrar upplýsingar**

| | Skýr. | 2026 | 2025 |
|---|---|---|---|
| Rekstrarhagnaður | | 26.915.087 | 3.054.518 |
| Afskriftir | | 4.749.589 | 4.281.046 |
| EBITDA | | 31.664.676 | 7.335.564 |
| Grunnhagnaður (tap) og þynntur hagnaður (tap) á hlut | 13 | 0,028 | ( 0,004) |

Skýringar á blaðsíðum 10 - 18 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Efnahagsreikningur 31. mars 2026

| | Skýr. | 31.3.2026 | 31.12.2025 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Aflaheimildir | | 397.975.246 | 397.975.246 |
| Rekstrarfjármunir | 6 | 191.748.857 | 195.554.322 |
| Eignarhlutar í dóttur-, hlutdeildarfélögum og samrekstri | 7 | 98.260.409 | 100.247.588 |
| Fjárfestingar á gangvirði | 8 | 6.255.563 | 6.926.670 |
| Langtímakröfur | | 11.464.436 | 11.961.841 |
| Fastafjármunir | | 705.704.511 | 712.665.666 |
| | | | |
| Birgðir | 9 | 55.202.643 | 44.863.383 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 10 | 40.070.465 | 33.582.316 |
| Næsta árs afborgun langtímakrafna | | 2.641.152 | 4.520.934 |
| Skammtímalán til tengds aðila | 7 | 35.028.584 | 33.959.650 |
| Handbært fé | 11 | 42.184.999 | 36.247.652 |
| Veltufjármunir | | 175.127.843 | 153.173.934 |
| | | | |
| **Eignir samtals** | | 880.832.354 | 865.839.601 |
| | | | |
| **Eigið fé** | 12 | | |
| Hlutafé | | 6.485.973 | 6.485.973 |
| Lögbundinn varasjóður | | 1.634.894 | 1.634.894 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | 300.432.706 | 300.432.706 |
| Þýðingarmunur | | 6.581.877 | 8.579.320 |
| Bundinn hlutdeildarreikningur | | 9.556.966 | 8.079.427 |
| Óráðstafað eigið fé | | 263.192.968 | 241.824.587 |
| Eigið fé | | 587.885.384 | 567.036.908 |
| | | | |
| **Skuldir** | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 14 | 160.921.349 | 182.545.114 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 15 | 76.848.011 | 75.432.588 |
| Langtímaskuldir | | 237.769.360 | 257.977.702 |
| | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 14 | 6.961.173 | 7.117.576 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 16 | 43.799.041 | 24.844.123 |
| Tekjuskattur til greiðslu | 15 | 4.417.395 | 8.863.291 |
| Skammtímaskuldir | | 55.177.610 | 40.824.990 |
| | | | |
| Skuldir | | 292.946.970 | 298.802.692 |
| | | | |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 880.832.354 | 865.839.601 |

Skýringar á blaðsíðum 10 - 18 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 31. mars 2026

| | Skýr. | 2026 1.1.-31.3. | 2025 1.1.-31.3. |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrarhagnaður tímabilsins | | 26.915.087 | 3.054.518 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | 6 | 4.749.589 | 4.281.046 |
| Tap (hagnaður) af sölu rekstrarfjármuna | | ( 216.537) | 14 |
| | | 31.448.139 | 7.335.579 |
| Breytingar á birgðum | | ( 10.339.260) | 3.576.080 |
| Breytingar á rekstrartengdum kröfum | | ( 5.779.848) | ( 12.008.481) |
| Breytingar á rekstrartengdum skuldum | | 10.461.118 | 8.428.031 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | | ( 5.657.991) | ( 4.370) |
| Innborgaðar vaxtatekjur | | 239.653 | 216.584 |
| Greidd vaxtagjöld | | ( 2.474.902) | ( 1.677.633) |
| Greiddur tekjuskattur | | ( 1.094.553) | ( 3.522.895) |
| Handbært fé frá rekstri | | 22.460.346 | 2.347.265 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | 6 | ( 1.343.203) | ( 7.836.447) |
| Söluverð rekstrarfjármuna | | 655.557 | 0 |
| Fjárfesting í eignarhlutum í dóttur- og hlutdeildarfélögum | 7 | ( 89.074) | ( 42.587) |
| Fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum | | 0 | ( 226.567) |
| Seldar fjárfestingar á gangvirði | | 0 | 1.288.619 |
| Langtímakröfur, breyting | | 2.450.687 | 680.062 |
| Móttekinn arður | | 21.541 | 28.813 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | 1.695.508 | ( 6.108.108) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Ádráttarlán, breyting | 14 | ( 16.196.705) | 0 |
| Tekin vaxtaberandi lán vegna endurfjármögnunar | 14 | 0 | 154.105.974 |
| Greidd vaxtaberandi lán vegna endurfjármögnunar | 14 | 0 | ( 118.012.414) |
| Afborganir leiguskuldar | 14 | ( 15.695) | ( 12.839) |
| Afborganir vaxtaberandi skulda | 14 | ( 1.770.164) | ( 6.421.474) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 17.982.564) | 29.659.247 |
| **Hækkun á handbæru fé** | | 6.173.291 | 25.898.404 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 36.247.652 | 36.144.151 |
| Gengismunur af handbæru fé | | ( 235.944) | 2.645.554 |
| **Handbært fé í lok tímabils** | | 42.184.999 | 64.688.109 |

Skýringar á blaðsíðum 10 - 18 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Eiginfjáryfirlit 1. janúar 2025 til 31. mars 2026

| | Hlutafé | Lögbundinn varasjóður | Yfirverðs-reikningur | Þýðingar-munur | Bundinn hlutd.reikn. | Óráðstafað eigið fé | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tímabilið 1.1.- 31.3.2025** | | | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2025 ................ | 6.485.973 | 1.634.894 | 300.432.706 | ( 2.725.810) | 8.315.972 | 236.589.156 | 550.732.892 |
| Tap tímabilsins .................. | | | | | | ( 3.605.003) | ( 3.605.003) |
| Önnur heildarafkoma .......... | | | | 5.842.092 | | | 5.842.092 |
| Heildarafkoma tímabilsins .. | | | | 5.842.092 | | ( 3.605.003) | 2.237.089 |
| Millifært á bundið eigið fé .... | | | | | 112.196 | ( 112.196) | 0 |
| Eigið fé 31.3.2025 .............. | 6.485.973 | 1.634.894 | 300.432.706 | 3.116.282 | 8.428.168 | 232.871.958 | 552.969.981 |
| | | | | | | | |
| **Tímabilið 1.1.- 31.3.2026** | | | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2026 ................ | 6.485.973 | 1.634.894 | 300.432.706 | 8.579.320 | 8.079.427 | 241.824.587 | 567.036.908 |
| Hagnaður tímabilsins .......... | | | | | | 22.845.919 | 22.845.919 |
| Önnur heildarafkoma .......... | | | | ( 1.997.443) | | | ( 1.997.443) |
| Heildarafkoma tímabilsins .. | | | | ( 1.997.443) | | 22.845.919 | 20.848.476 |
| Millifært á bundið eigið fé .... | | | | | 1.477.538 | ( 1.477.538) | 0 |
| Eigið fé 31.3.2026 .............. | 6.485.973 | 1.634.894 | 300.432.706 | 6.581.877 | 9.556.966 | 263.192.968 | 587.885.384 |

Skýringar á blaðsíðum 10 - 18 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Skýringar

**1. Félagið**

Ísfélag hf. („félagið”) er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Tangagötu 1, Vestmannaeyjum. Ísfélag hf. er sjávarútvegsfyrirtæki, en starfsþættir félagsins eru útgerð og vinnsla.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn og heimilaði birtingu hans 28. maí 2026.

**2. Grundvöllur reikningsskilanna**

**Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt**

Árshlutareikningur er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34 eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í íslenskum lögum, eftir því sem við á. Samandreginn árshlutareikningur Ísfélags hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins sem gerður var samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum fyrir árið 2025.

**Grundvöllur matsaðferða**

Árshlutareikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að eignarhlutar í öðrum félögum og afleiðusamningar eru færðir á gangvirði.

**Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill**

Árshlutareikningurinn er birtur í bandaríkjadollurum (USD), sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í bandaríkjadollurum (USD), nema annað sé tekið fram.

**Mat og ákvarðanir**

Gerð árshlutareiknings í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

# Skýringar

### 3. Starfsþáttayfirlit

***Rekstrarstarfsþættir***

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir eðli rekstrar og byggja á rekstrarstarfsþáttum og innri upplýsingagjöf félagsins. Félagið skiptist í tvo starfsþætti þ.e. útgerð og vinnslu.

***Útgerð***

Til tekna hjá útgerð telst sala útgerðar á sjávarafurðum sem og kvótaleiga. Í þeim tilfellum þar sem skip félagsins afla hráefnis til eigin vinnslu er aflaverðmætið tekjufært hjá útgerðarsviði við löndun afla. Innri viðskipti vegna löndunar afla af skipum félagsins til vinnslu eru felld út við gerð ársreikningsins. Kostnaður samanstendur aðallega af rekstri skipa, s.s. launum og launatengdum gjöldum sjómanna, viðhaldi, veiðarfærum, veiðigjöldum, olíu og stjórnunarkostnaði.

***Vinnsla***

Til tekna hjá vinnslu telst sala á sjávarafurðum, en kostnaður samanstendur aðallega af kostnaði vegna eigin afla sem landað er úr skipum félagsins, öðrum hráefniskostnaði, launum og launatengdum gjöldum, ásamt kostnaði við rekstur og viðhald húsnæðis, véla og tækja.

| | Útgerð | Vinnsla | Jöfnunar-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **1.1. - 31.3.2026** | | | | |
| Rekstrartekjur | 44.599.477 | 49.739.848 | ( 21.078.433) | 73.260.893 |
| Kostnaðarverð seldra vara | ( 27.608.242) | ( 37.370.946) | 21.078.433 | ( 43.900.756) |
| **Framlegð** | 16.991.235 | 12.368.902 | 0 | 29.360.137 |
| Aðrar tekjur | 403.693 | 435.720 | | 839.413 |
| Útflutnings- og dreifingarkostnaður | ( 303.546) | ( 938.864) | | ( 1.242.410) |
| Annar rekstrarkostnaður | ( 1.002.862) | ( 1.039.191) | | ( 2.042.053) |
| **Rekstrarhagnaður** | 16.088.520 | 10.826.567 | 0 | 26.915.087 |
| Hreinar fjármunatekjur | | | | 1.842.461 |
| Áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaga | | | | ( 78.810) |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | | | 28.678.737 |
| Tekjuskattur | | | | ( 5.832.818) |
| **Hagnaður tímabilsins** | | | | 22.845.919 |
| | | | | |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | 2.499.920 | 2.249.669 | | 4.749.589 |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | 0 | 1.343.203 | | 1.343.203 |
| Rekstrarfjármunir | 110.424.833 | 81.324.024 | | 191.748.857 |
| | | | | |
| **1.1. - 31.3.2025** | | | | |
| Rekstrartekjur | 24.199.492 | 18.908.841 | ( 5.809.590) | 37.298.743 |
| Kostnaðarverð seldra vara | ( 19.349.241) | ( 19.071.253) | 5.809.590 | ( 32.610.905) |
| **Framlegð** | 4.850.250 | ( 162.412) | 0 | 4.687.838 |
| Aðrar tekjur | 0 | 963.306 | | 963.306 |
| Útflutnings- og dreifingarkostnaður | ( 365.417) | ( 316.295) | | ( 681.712) |
| Annar rekstrarkostnaður | ( 1.178.431) | ( 736.483) | | ( 1.914.914) |
| **Rekstrarhagnaður (tap)** | 3.306.403 | ( 251.885) | 0 | 3.054.518 |
| Hrein fjármagnsgjöld | | | | ( 7.810.696) |
| Áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaga | | | | 368.263 |
| Tap fyrir tekjuskatt | | | | ( 4.387.916) |
| Tekjuskattur | | | | 782.913 |
| **Tap tímabilsins** | | | | ( 3.605.003) |
| | | | | |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | 2.423.470 | 1.857.577 | | 4.281.046 |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | 0 | 7.836.447 | | 7.836.447 |
| Rekstrarfjármunir | 97.266.019 | 74.850.064 | | 172.116.084 |

# Skýringar

## 3. Starfsþáttayfirlit (framhald)

### *Landsvæðaskipting*

| Rekstrartekjur sundurliðast á eftirfarandi hátt á landsvæði: | 2026 1.1.-31.3. | 2025 1.1.-31.3. |
|---|---|---|
| Evrópa | 65.088.566 | 33.161.622 |
| Asía | 6.725.613 | 2.154.135 |
| Ameríka | 1.446.714 | 1.982.986 |
| Rekstrartekjur samtals | 73.260.893 | 37.298.743 |

Seldar vörur eru rekstrartekjur af samningum við viðskiptavini og falla undir gildissvið IFRS 15, Tekjur af samningum við viðskiptavini.

### Aðrar rekstrartekjur

| Aðrar rekstrartekjur greinast þannig: | 2026 1.1.-31.3. | 2025 1.1.-31.3. |
|---|---|---|
| Söluhagnaður rekstrarfjármuna | 216.537 | 0 |
| Seldar vörur og þjónusta | 622.876 | 963.306 |
| Aðrar tekjur samtals | 839.413 | 963.306 |

## 4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig: | 2026 1.1.-31.3. | 2025 1.1.-31.3. |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur skammtímakrafna og handbærs fjár | 119.493 | 83.803 |
| Vaxtatekjur langtímakrafna | 828.460 | 296.011 |
| Arður af hlutabréfaeign | 21.541 | 11 |
| Fjármunatekjur samtals | 969.495 | 379.825 |
| Vaxtagjöld og verðbætur vaxtaberandi skulda | (2.329.274) | (2.029.940) |
| Önnur vaxtagjöld | (54.650) | (257.095) |
| Gangvirðisbreyting fjárfestinga á gangvirði | (671.107) | (740.786) |
| Gangvirðisbreyting afleiða | (609.539) | (1.479.846) |
| Fjármagnsgjöld samtals | (3.664.570) | (4.507.667) |
| Hreinn gengismunur | 4.537.535 | (3.682.854) |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals | 1.842.461 | (7.810.696) |

## 5. Tekjuskattur

Tekjuskattshlutfall félagsins á árinu 2026 er 20% (2025: 20%). Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

| | 2026 1.1.-31.3. | 2025 1.1.-31.3. |
|---|---|---|
| Frestaður tekjuskattur | 1.415.423 | (1.134.431) |
| Tekjuskattur til greiðslu | 4.417.395 | 351.518 |
| | 5.832.818 | (782.913) |

Virkt tekjuskattshlutfall félagsins greinist þannig:

| | 2026 1.1.-31.3. | | 2025 1.1.-31.3. | |
|---|---|---|---|---|
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | 28.678.737 | | (4.387.916) | |
| Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli | 5.735.747 | 20,0% | (877.583) | 20,0% |
| Tekjufærður arður | (4.308) | (0,0%) | (2) | 0,0% |
| Matsbreyting hlutabréfa | 134.221 | 0,5% | 148.157 | (3,4%) |
| Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaga | 15.762 | 0,1% | (73.653) | 1,7% |
| Áhrif gengismunar tekjuskattsskuldbindingar | (48.162) | (0,2%) | 19.764 | (0,5%) |
| Aðrir liðir | (443) | (0,0%) | 404 | (0,0%) |
| Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi | 5.832.818 | 20,3% | (782.913) | 17,8% |

# Skýringar

## 6. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

| | Fasteignir og lóðir | Fiskiskip og búnaður | Áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | | |
| Heildarverð 1.1.2025 | 72.512.080 | 153.253.169 | 97.871.571 | 323.636.820 |
| Endurmat leigueignar | 181.880 | 0 | 0 | 181.880 |
| Viðbætur á árinu | 10.112.486 | 35.111.708 | 10.859.750 | 56.083.944 |
| Selt og niðurlagt | 0 | ( 32.854.814) | ( 54.462) | ( 32.909.275) |
| Heildarverð 31.12.2025 | 82.806.446 | 155.510.064 | 108.676.860 | 346.993.369 |
| Endurmat leigueignar | 39.942 | 0 | 0 | 39.942 |
| Viðbætur á tímabilinu | 173.853 | 0 | 1.169.350 | 1.343.203 |
| Selt og niðurlagt | 0 | ( 787.737) | 0 | ( 787.737) |
| Heildarverð 31.3.2026 | 83.020.241 | 154.722.327 | 109.846.209 | 347.588.777 |
| **Afskriftir** | | | | |
| Afskrifað 1.1.2025 | 35.441.375 | 53.581.637 | 66.090.350 | 155.113.362 |
| Afskriftir ársins | 2.415.489 | 9.486.979 | 5.355.791 | 17.258.259 |
| Selt og niðurlagt | 0 | ( 20.910.719) | ( 21.854) | ( 20.932.574) |
| Afskrifað alls 31.12.2025 | 37.856.864 | 42.157.897 | 71.424.286 | 151.439.047 |
| Afskriftir tímabilsins | 725.003 | 2.488.314 | 1.536.272 | 4.749.589 |
| Selt og niðurlagt | 0 | ( 348.717) | 0 | ( 348.717) |
| Afskrifað alls 31.3.2026 | 38.581.868 | 44.297.494 | 72.960.558 | 155.839.920 |
| **Bókfært verð** | | | | |
| 1.1.2025 | 37.070.705 | 99.671.532 | 31.781.221 | 168.523.459 |
| 31.12.2025 | 44.949.582 | 113.352.167 | 37.252.574 | 195.554.322 |
| 31.3.2026 | 44.438.373 | 110.424.833 | 36.885.651 | 191.748.857 |
| Afskriftahlutföll | 0-4% | 5-10% | 8-20% | |

Félagið er sem leigutaki aðili að leigusamningum vegna lóða. Leigueignir eru færðar sem fasteignir og lóðir og nam bókfært verð þeirra 2.052 þúsund USD í lok tímabilsins (Árslok 2025: 2.036 þúsund USD).

Bolfiskskipið Jón á Hofi var selt og afhent nýjum eigendum í janúar 2026.

# Skýringar

### 7. Eignarhlutar í dóttur-, hlutdeildarfélögum og félögum í samrekstri

Eignarhlutir í dóttur-, hlutdeildarfélögum og félögum í samrekstri greinast þannig:

Dótturfélög greinast þannig:

| | Eignarhlutur | Aðsetur | Bókfært verð 31.3.2026 | Bókfært verð 31.12.2025 |
|---|---|---|---|---|
| Fiskmarkaður Þórshafnar ehf. | 100% | Ísland | 680.987 | 671.182 |
| Jörvi fasteignir ehf. | 100% | Ísland | 1.531.447 | 1.527.655 |
| Primex ehf. | 100% | Ísland | 6.646.945 | 5.831.854 |
| Arctic Seafood Ltd. | 100% | England | 2.646.755 | 2.292.652 |
| IVM2 ehf. | 100% | Ísland | 1.019 | 1.024 |
| Ocean Ecofarm ehf. | 51% | Ísland | 5.144.074 | 5.210.983 |
| | | | 16.651.227 | 15.535.349 |

Hlutdeildarfélög og félög í sameiginlegri eigu greinast þannig:

| | Eignarhlutur | Aðsetur | Bókfært verð 31.3.2026 | Bókfært verð 31.12.2025 |
|---|---|---|---|---|
| Lundey fjárfestingarfélag ehf. | 50% | Ísland | 8.266.280 | 8.266.340 |
| Horney ehf. | 50% | Ísland | 408.611 | 423.059 |
| Biogenic Minerals ehf. | 41% | Ísland | 1.196.182 | 1.128.201 |
| Iceland Pelagic ehf. | 33% | Ísland | 2.374.847 | 2.026.854 |
| Pelagic Greenland A/S | 33% | Grænland | 3.427.400 | 2.226.827 |
| Austur Holding AS | 29% | Noregur | 61.479.908 | 66.306.962 |
| LiceDefence AS | 23% | Noregur | 679.636 | 658.869 |
| Elska Seafood AS | 22% | Noregur | 2.929.170 | 2.839.783 |
| Eignarhlutir í fjórum (2025: fjórum) félögum | | | 847.148 | 835.345 |
| | | | 81.609.182 | 84.712.239 |
| Samtals dóttur-, hlutdeildarfélög og félög í sameiginlegri eigu | | | 98.260.409 | 100.247.588 |

Með hliðsjón af mikilvægi upplýsinga fyrir lesanda árshlutareikningsins gerir félagið ekki samstæðuárshlutareikning enda telur félagið að dótturfélögin hafi óveruleg áhrif á reikningsskilin bæði ein og sér og sem heild.

Ísfélag hf. á 29,3% í Austur Holding AS. Tilgangur Austur Holding er að eiga eignarhlut í norska fiskeldisfyrirtækinu Kaldvik AS, sem er í lok tímabils 56,75% og fer félagið með meirihluta atkvæða í Kaldvik. Félagið er að fullu fjármagnað með eigin fé og lánum frá hluthöfum. Eignarhluturinn er bókfærður á USD 61,5 milljónir eða ígildi NOK 21,4 á hlut í Kaldvik og er færður samkvæmt hlutdeildaraðferð.

Samkvæmt fjármögnunarsamningi milli Austur Holding AS og hluthafa þess leggur Ísfélag hf., Austur Holding AS til fjármögnun að fjárhæð NOK 341 milljón eða um USD 35 milljónir sem samanstendur annars vegar af eiginfjárframlagi og hins vegar af breytanlegum hluthafalánum. Fjármögnunin er færð sem skammtímalán til tengds aðila.

Félagið fer með sameiginleg yfirráð með meðfjárfestum sínum yfir Lundey fjárfestingarfélagi ehf. og Horney ehf. Eignarhlutirnir eru flokkaðir sem félög í samrekstri (e. joint venture) og eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð.

Breyting eignarhluta í dóttur-, hlutdeildarfélögum og félögum í samrekstri greinist þannig:

| | 31.3.2026 | 31.12.2025 |
|---|---|---|
| Staða 1.1. | 100.247.588 | 92.161.939 |
| Keypt á tímabilinu / árinu | 89.074 | 692.914 |
| Hlutdeild í afkomu | ( 78.810) | ( 5.332.953) |
| Móttekinn arður | 0 | ( 1.552.500) |
| Þýðingarmunur | ( 1.997.443) | 11.305.130 |
| Endurflokkað | 0 | 2.973.058 |
| Staða 31.3 / 31.12. | 98.260.409 | 100.247.588 |

# Skýringar

## 8. Fjárfestingar á gangvirði

Félagið færir eignarhluta í öðrum félögum á gangvirði um rekstrarreikning. Afleiðusamningar skiptast í skammtíma- og langtímahluta á eigna- eða skuldahlið efnahagsreiknings eftir stöðu þeirra og eftirstæðum líftíma á reikningsskiladegi. Hlutbréfaafleiða er færð meðal skammtímaskulda.

Fjárfestingar á stigi 1 eru hlutabréf í skráðum félögum sem eru færð miðað við skráð markaðsvirði á reikningsskiladegi. Fjárfestingar á stigi 2 eru afleiðusamningar þar sem gangvirði er metið með hliðsjón af verði frá miðlara. Fjárfestingar á stigi 3 eru hlutabréf í óskráðum félögum og sem færð eru miðað við síðustu þekktu viðskipti með bréf í viðkomandi félagi, innra virði eða á kostnaðarverði ef aðrar áreiðanlegar upplýsingar liggja ekki fyrir.

| | **31.3.2026** | | **31.12.2025** | |
|---|---|---|---|---|
| | Eignir | Skuldir | Eignir | Skuldir |
| Stig 1 | 3.694.358 | 0 | 4.365.464 | 0 |
| Stig 2 | 0 | 10.350.501 | 0 | 9.740.962 |
| Stig 3 | 2.561.206 | 0 | 2.561.206 | 0 |
| Samtals | 6.255.563 | 10.350.501 | 6.926.670 | 9.740.962 |

| Flokkun fjárfestinga á gangvirði í efnahagsreikningi: | **31.3.2026** | **31.12.2025** |
|---|---|---|
| Fjárfestingar á gangvirði | 6.255.563 | 6.926.670 |
| Aðrar skammtímaskuldir | ( 10.350.501) | ( 9.740.962) |

Breyting fjárfestinga á gangvirði á stigi 3 greinist þannig:

| | **31.3.2026** | **31.12.2025** |
|---|---|---|
| Staða 1.1. | 2.561.206 | 5.074.089 |
| Keypt á tímabilinu / árinu | 0 | 997.449 |
| Endurflokkað á hlutdeildarfélög | 0 | ( 3.367.860) |
| Gangvirðisbreytingar | 0 | ( 142.472) |
| Staða 31.3. / 31.12. | 2.561.206 | 2.561.206 |

## 9. Birgðir

| Birgðir greinast þannig: | **31.3.2026** | **31.12.2025** |
|---|---|---|
| Afurðabirgðir | 44.861.098 | 34.689.276 |
| Veiðarfæra-, hráefnis- og rekstrarvörubirgðir | 10.341.545 | 10.174.106 |
| Birgðir samtals | 55.202.643 | 44.863.383 |

Birgðir félagsins eru ekki veðsettar.

## 10. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

| Viðskiptakröfur greinast þannig: | **31.3.2026** | **31.12.2025** |
|---|---|---|
| Nafnverð viðskiptakrafna | 27.344.035 | 24.832.377 |
| Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast | ( 963.800) | ( 963.800) |
| | 26.380.235 | 23.868.577 |
| Aðrar skammtímakröfur greinast þannig: | | |
| Virðisaukaskattur | 2.652.184 | 2.477.516 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 10.661.585 | 6.886.808 |
| Fjármagnstekjuskattur | 376.461 | 349.414 |
| | 13.690.230 | 9.713.739 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals | 40.070.465 | 33.582.316 |

# Skýringar

## 11. Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af óbundnum bankainnstæðum

| Bankainnstæður greinast þannig: | 31.3.2026 | 31.12.2025 |
|---|---|---|
| Bankainnstæður í USD | 2.596.159 | 8.635.257 |
| Bankainnstæður í ISK | 2.273.730 | 2.679.478 |
| Bankainnstæður í EUR | 13.334.167 | 13.829.494 |
| Bankainnstæður í öðrum myntum | 23.980.943 | 11.103.423 |
| | 42.184.999 | 36.247.652 |

## 12. Eigið fé

**Hlutafé**

Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er kr. 818.612.313 í lok mars 2026. Útistandandi hlutir í lok tímabils eru kr. 817.840.422 og eru þeir allir greiddir (árslok 2025: kr. 817.840.422). Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í móðurfélaginu. Eigendur hluta í félaginu eiga rétt til arðs í hlutfalli við eign sína við arðsúthlutun.

| | 31.3.2026 | 31.12.2025 |
|---|---|---|
| Útistandandi hlutir 1.1. | 817.840.422 | 817.840.422 |
| Keypt eigin bréf | 0 | 0 |
| Útistandandi hlutir 31.3. / 31.12. | 817.840.422 | 817.840.422 |

**Arður**

Á aðalfundi félagsins 16. apríl 2026 var samþykkt að greiða hluthöfum arð sem nam 2,57 krónum á hlut, eða um 2.102 milljónir króna (2025: 2,568 ISK á hlut, 2.100 millj. ISK), á árinu 2026 vegna rekstrarársins 2025. Arðurinn var greiddur hluthöfum 15. maí 2026.

**Lögbundinn varasjóður**

Samkvæmt lögum um hlutafélög skal félagið binda 25% af nafnverði hlutafjár í varasjóði. Í lok tímabils var hlutfall varasjóðs af hlutafé 25%.

**Þýðingarmunur**

Þýðingarmunur er gengismunur sem er tilkominn vegna þess að dóttur- og hlutdeildarfélög Ísfélags hf. eru með aðra starfrækslumynt en móðurfélagið.

**Bundinn hlutdeildarreikningur**

Bundinn hlutdeildarreikningur samanstendur af hlutdeildartekjum af dóttur- og hlutdeildarfélögum umfram mótteknar arðgreiðslur í samræmi við 5. mgr. 41. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

**Yfirverðsreikningur hlutafjár**

Yfirverðsreikningur hlutafjár samanstendur af innborguðu hlutafé umfram nafnverð hlutafjár.

**Óráðstafað eigið fé og arður**

Óráðstafað eigið fé er uppsafnaður óbundinn hagnaður félagsins að frádregnum útborguðum arði.

## 13. Hagnaður á hlut

Grunnhagnaður á hlut er miðaður við hagnað, sem ráðstafað er til hluthafa í móðurfélaginu og vegins meðaltals virks hlutafjár á árinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja krónu hlutafjár. Þynntur hagnaður á hlut er hinn sami og grunnhagnaður á hlut, þar sem félagið hefur ekki gert kaupréttarsamninga við starfsmenn og ekki tekið lán sem eru breytanleg í hlutafé.

### Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut

| | 2026<br>1.1.-31.3. | 2025<br>1.1.-31.3. |
|---|---|---|
| Hagnaður (tap) tímabilsins | 22.845.919 | ( 3.605.003) |
| **Vegið meðaltal hlutabréfa** | | |
| Útistandandi hlutafé í upphafi árs | 817.840.422 | 817.840.422 |
| Áhrif breytinga á hlutafé | 0 | 0 |
| Vegið meðaltal útistandandi hluta | 817.840.422 | 817.840.422 |
| Grunnhagnaður (tap) á útistandandi hlut (USD per hlut) | 0,028 | ( 0,004) |

## 14. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi langtímaskuldir greinast þannig:

| | 31.3.2026 | 31.12.2025 |
|---|---|---|
| Skuldir í USD | 0 | 7.500.000 |
| Skuldir í EUR | 165.572.904 | 179.884.984 |
| Leiguskuldbindingar í ISK | 2.309.618 | 2.277.706 |
| Vaxtaberandi skuldir samtals | 167.882.522 | 189.662.690 |
| Næsta árs afborganir vaxtaberandi langtímaskulda | ( 6.961.173) | ( 7.117.576) |
| Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals | 160.921.349 | 182.545.114 |

Skip félagsins eru veðsett fyrir langtímaskuldum.

Afborganir af vaxtaberandi langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu ár:

| | 31.3.2026 | 31.12.2025 |
|---|---|---|
| Afborganir 1.4. 2026-31.3 2027/2026 | 6.961.173 | 7.117.576 |
| Afborganir 1.4. 2027-31.3 2028/2027 | 6.961.173 | 7.117.576 |
| Afborganir 1.4. 2028-31.3 2029/2028 | 6.961.173 | 7.117.576 |
| Afborganir 1.4. 2029-31.3 2030/2029 | 144.938.593 | 7.117.576 |
| Afborganir síðar | 2.060.410 | 161.192.388 |
| | 167.882.522 | 189.662.690 |

Breyting á vaxtaberandi skuldum og leiguskuldum greinist þannig:

| | 31.3.2026 | | | 31.12.2025 | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Vaxtab. skuldir | Leigu- skuldir | Samtals | Vaxtab. skuldir | Leigu- skuldir | Samtals |
| Staða 1.1. | 187.384.984 | 2.277.706 | 189.662.690 | 124.932.854 | 1.949.383 | 126.882.237 |
| Tekin vaxtab. lán | 0 | 0 | 0 | 170.069.111 | 0 | 170.069.111 |
| Greidd vaxtab. lán | ( 16.196.705) | 0 | ( 16.196.705) | ( 118.012.414) | 0 | ( 118.012.414) |
| Afborganir | ( 1.770.164) | ( 15.695) | ( 1.785.858) | ( 11.581.858) | ( 61.700) | ( 11.643.558) |
| Gengism. og verðb. | ( 3.845.211) | 47.607 | ( 3.797.604) | 21.977.291 | 390.023 | 22.367.314 |
| Staða 31.3./31.12. | 165.572.904 | 2.309.618 | 167.882.522 | 187.384.984 | 2.277.706 | 189.662.690 |

## 15. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:

| | 31.3.2026 | 31.12.2025 |
|---|---|---|
| Tekjuskattsskuldbinding 1.1. | 75.432.588 | 76.555.427 |
| Tekjuskattur færður í rekstrarreikning | 5.832.818 | 7.740.532 |
| Tekjuskattur til greiðslu | ( 4.417.395) | ( 8.863.291) |
| Aðrir liðir | 0 | ( 80) |
| Tekjuskattsskuldbinding 31.3. / 31.12. | 76.848.011 | 75.432.588 |

Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig á liði reikningsskilanna:

| | 31.3.2026 | 31.12.2025 |
|---|---|---|
| Rekstrarfjármunir | 17.425.933 | 17.409.983 |
| Óefnislegar eignir | 61.258.341 | 61.258.341 |
| Aðrir liðir | ( 1.836.263) | ( 3.235.736) |
| Tekjuskattsskuldbinding 31.3. / 31.12. | 76.848.011 | 75.432.588 |

# Skýringar

## 16. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

| | 31.3.2026 | 31.12.2025 |
|---|---|---|
| Viðskiptaskuldir | 15.274.826 | 8.429.466 |
| Ógreiddur skattur fyrra árs | 7.805.528 | 0 |
| Afleiðusamningur | 10.350.501 | 9.740.962 |
| Ógreiddir launaliðir | 9.057.078 | 5.271.609 |
| Áfallnir vextir | 1.311.109 | 1.402.086 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 43.799.041 | 24.844.123 |